



Fundargerð 64. fundur stjórnar Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra.

Fundur haldinn miðvikudaginn 5. júní 2024 á Teams og hófst fundurinn kl. 10.30.

Fundinn sátu: Lára Halldóra Eiríksdóttir, formaður, Helena Eydís Ingólfssdóttir, Guðjón M. Ólafsson, Hilda Jana Gísladóttir, Axel Grettisson, Hermann Ingi Gunnarsson, Katrín Sif Ingvarsdóttir, Ragnheiðar Jónu Ingimarsdóttur, Sigurður Þór Guðmundsson, Þórunn Sif Harðardóttir, Gunnar Gísli Oddgeirsson í forföllum Þrastar Friðfinnssonar, og Albertína Friðbjörg Elíasdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Hlé var gert á fundi milli kl. 11:30-12:30 vegna sameiginlegs fundar stjórnar SSNE og Austurbrúar og þingmanna Norðausturkjördæmis.

1. Sóknaráætlun Norðurlands eystra

Elva Gunnlaugsdóttir, Díana Jóhannsdóttir og Anna Lind Björnsdóttir, verkefnastjórar SSNE mættu til fundarins undir þessum lið til að ræða vinnuna við nýja Sóknaráætlun Norðurlands eystra og tímalínuna framundan. Jafnframt var kynnt bókun fagráðs menningar frá 3. fundi fagráðsins sem snéri að vinnu við nýja sóknaráætlun 2025-2029.

Stjórn þakkar kynninguna og samþykkir að eftirfarandi flokkar verði lagðir til grundvallar samtals á vinnufundum með íbúum í haust: Atvinnulíf, blómlegar byggðir, og umhverfismál. Stjórn vill jafnframt hvetja sveitarstjórnarfólk, starfsfólk sveitarfélaga og íbúa landshlutans til að taka virkan þátt í vinnustofunum í haust.

2. Áhersluverkefni Sóknaráætlunar Norðurlands eystra

Rætt um áhersluverkefni Sóknaráætlunar Norðurlands eystra 2024. Fyrir fundinum lágu 4 tillögur að verkefnum, en áður hafa 12 verkefnið verið samþykkt á þessu ári.

Stjórn samþykkir að eftirfarandi verkefni fái stuðning:

Efnahagsleg umsvif Norðurlands eystra – 1.500.000 kr.

Samfélagsleg áhrif millilandaflugs – 1.000.000 kr.

STEM Ísland – 2.685.000 kr. (með skilyrðum).

3. Starfsemi EIMS

Lögð fram drög að viðaukasamningi vegna aðkomu SSVN að EIMI.

Stjórn samþykkir framlögð drög fyrir sitt leyti.

4. Samfélagsleg losun Norðurlands eystra

Stefán Gíslason frá Environice mætir til fundarins í fjarfundi til að kynna frumniðurstöður greiningar þeirra á kolefnisspori Norðurlands eystra.
Þessum dagskrárlið var frestað.

5. Aðalfundur Greiðrar leiðar

Lagt fram boð á aðalfund Greiðrar leiðar og tillaga stjórnar félagsins um hlutafjárukningu.
Stjórn felur framkvæmdastjóra að fara með atkvæði SSNE á fundinum.

6. Mál til umsagnar

- a. [Frumvarp til laga um breytingu á lögum um opinber skjalasöfn \(gjaldskrá, rafræn skil\), 938. mál.](#)
- b. [Tillaga til þingsályktunar um ferðamálastefnu og aðgerðaáætlun til ársins 2030, 1036. mál.](#)
Stjórn samþykkir framlögð drög að umsögn og felur framkvæmdastjóra að senda hana inn til Alþingis.
- c. [Frumvarp til laga um verndar- og orkunýtingaráætlun \(virkjunarkostir í vindorku\), 900. mál.](#)
- d. [Þingsályktun um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi, 899. mál.](#)
- e. [Frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga \(gjaldfrjálsar skólamáltíðir\), 1114. mál.](#)

7. Mál til kynningar

- a. [Ársskýrsla 2023 um Brothættar byggðir.](#)
- b. [Fundargerð 235. fundar Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra.](#)
- c. Aðalfundur Vaðlaheiðarganga 2024 – fundargerð.
- d. Aðalfundur EIMS.
- e. [Fundargerð 96. fundar Stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál.](#)
- f. [Fundargerð fagraðs umhverfismála.](#)
- g. [Ályktun Umhverfis- og framkvæmdaráðs Múlaþings um nýja brú yfir Jökulsá á Fjöllum.](#)

8. Önnur mál

- a. *Húsnæðismál SSNE á Akureyri.*
- b. *Munnleg skýrsla framkvæmdastjóra.*

Fundi slitið kl. 13:30.